

Hafnarfjarðarbær  
Berglind Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. maí 2024  
UST202404-144/A.B.  
10.04.01

## **Efni: Tillaga - Breyting - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir borteiga Coda Terminal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og deiliskipulagi fyrir borteiga Coda Terminal.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar og deiliskipulags er að ganga þannig frá heimildum í skipulagi að fullbyggja megi móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð í Hafnarfirði. Efni tillögunnar er að festa þær lóðir þar sem 8 borteigar til niðurdælingar á CO<sub>2</sub> verða heimilaðir. Skipulagsbreytingin er því fjórþætt, breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, tvær deiliskipulagsbreytingar á núverandi deiliskipulagi Hellnahrauns 2 og 3 áfanga og nýtt deiliskipulag fyrir 4 borteiga.

### **Starfsleyfi og framkvæmdaleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á líkt og kemur fram í tillögunni að fyrirhuguð starfsemi Carbfix er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun vill áréttta mikilvægi þess að við framkvæmdir sem heimilaðar eru í skipulaginu þ.m.t boranir á niðurdælingar- og vatnstökuholum að koma á veg fyrir mengun grunnvatns við boranir og jafnframt skal starfsemin sem heimiluð er ekki valda því að vatnshlotin á svæðinu nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem fyrir þau hafa verið skilgreind.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að

aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnunar tekur undir að skipulagstillagan mun valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Í umhverfismatsskýrslu segir: „Uppbygging kemur til með að raska nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en um talsverða almunahagsmuni er að ræða í tengslum við loftslagsmál. Coda Terminal kemur til með að stuðla að verulegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og styður við bæði alþjóðlegar aðgerðir í loftslagsmálum og er í takt við stefnu íslenskra stjórnvalda. Framkvæmdin er fyrsta sinnar tegundar í heiminum og gæti haft viðameiri áhrif á heimsvísu og styrkt ímynd Íslands á alþjóðavettvangi. Starfsemin leiðir af sér eflingu atvinnulífs og ferðaþjónustu í Hafnarfirði.“

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að það sé búið að raska Kapelluhrauni að hluta réttlætir það ekki frekari röskun á hrauninu. Því bendir Umhverfisstofnun á að valin séu þau svæði sem þegar hafa verið raskað og óraskað svæði sé verndað.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að þó svo að sveitarfélagið sé búið að afmarka þéttbýlismörk þá réttlætir það ekki röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

## Vatnamál

Í greinargerð skipulagsbreytingarinnar og umhverfismati er fjallað um lög um stjórn vatnamála, vatnaáætlun og það grunnvatnshlot sem áætlunin nær til. Straumsvíkurstraumur skal hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand líkt og fram kemur. Umhverfisstofnun bendir á að ástand þess má ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Í umhverfismatsskýrslunni segir að fyrirhuguð starfsemi Coda Terminal kalli eftir talsverðri vatnsöflun innan grunnvatnshlotsins. Við niðurdælingu er CO<sub>2</sub> leyst upp í vatni og áætlað er að fyrir hvert tonn af CO<sub>2</sub> sem dælt er niður þurfi um 25 tonn af vatni.

Niðurstaða umhverfismats áætlunarinnar er að ekki er talið líklegt að framkvæmdin sé til þess fallin að umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins um áframhaldandi góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand náist ekki en ákveðin óvissa er í útreikningum grunnvatnslíkans. Fram kemur að framkvæmdaraðili muni afla frekari gagna af svæðinu sem muni auka nákvæmni hermana og þ.a.l. minnka óvissu. Mótvægisáðgerðir felast í hönnun vatnsöflunar- og niðurdælingarfyrirkomulags og vöktun vatnafars í samræmi við leiðbeiningar og kröfur Orkustofnunar og Vatnaáætlunar 2022-2027.

Auk þess kemur fram að áhersla sé lögð á að leyfisveitingar og framkvæmdir fari ekki af stað fyrir en upplýsingar um möguleg áhrif framkvæmda á grunnvatn liggja fyrir. Framkvæmdin verði byggð upp í áföngum og kemur fyrirkomulag vatnsöflunar og niðurdælingar til með að vera í samræmi við niðurstöður og vöktun á fyrir áföngum. Heildaráhrif á grunnvatn eru metin óviss.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Í því felst að uppfylla þarf kröfur um markmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin skv. vatnaáætlun. Markmið 4.2 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er m.a. að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eigi að vera höfð til grundvallar í skipulagsáætlun sveitarfélaga en deiliskipulag á að taka tillit til þessa markmiðs við mat á umhverfisáhrifum. Vegna óvissu um heildaráhrif áætlunarinnar á grunnvatn leggur Umhverfisstofnun til að umhverfismatið sé endurskoðað og skorið úr um áhrifin áður en áætlunin er afgreidd.

Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins sem hér um ræðir þarf að innihalda, auk upplýsinga um vatnshlot innan svæðisins og umhverfismarkmið þeirra, greiningu, lýsingu og mat á mögulegum áhrifum deiliskipulagsins á umhverfismarkmið vatnshlotanna. Tillit skal taka til beinna og óbeinna áhrifa framkvæmdar og notkunar svæðisins, bæði til skemmri og lengri tíma, ásamt samlegðaráhrifum allrar landnotkunar innan vatnshlotsins. Til að mynda er fyrirhugað iðnaðarsvæði í Kapelluhrauni innan svæðis sem grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur (104-265-G) nær til.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þau skilyrði og skilmálar um áhrifamat, mótvægisáðgerðir og vöktun sem greint er frá í umhverfismatsskýrslu séu einnig sett í greinargerð áætlunarinnar.

Umhverfisstofnun telur erfitt að meta heildaráhrif deiliskipulagsins á grunnvatn þegar upplýsingar vantar um möguleg áhrif þess og fyrirhugaðrar starfsemi á gæðapætti sem notaðir eru til að meta magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Mikilvægt er að áhrifin liggi fyrir svo leyfisveitendur geti tekið afstöðu til þess áður en leyfi eru veitt.

Ef í ljós kemur að umhverfismarkmið í vatnaáætlun náist ekki fyrir vatnshlot innan áhrifsvæðis framkvæmdar skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand þeirra. Viðkomandi aðili skal þá endurskoða skipulagsáætlunina í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Mikilvægt er því að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og áhrif deiliskipulagsins á vatnshlot metin. Af ofangreindum ástæðum leggur Umhverfisstofnun til að umhverfismat aðal- og deiliskipulagsins verði endurskoðað í því skyni að niðurstöðurnar verði settar í samhengi við markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**